

*Tollflokkun á geislaskrifurum.

Úrskurður nr. 1/2001.

Kærandi unír ekki tollflokkun tollstjóra á geislaskrifurum í tnr. 8520.9002 er ákvaðað var í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru” og gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr. 8471.7000. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda.

Lög nr. 55/1987 101.gr., 142. gr. og almennar reglur um túlkun tollskrár, liður 1.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 2001, sem barst nefndinni 10. s.m., kærir L, fyrir hönd A “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” nr. 0100001, dags. 15. janúar 2001, útgefin af tollstjóra. Þar tollflokkar tollstjóri geislaskrifara af gerðinni “HP Surestore í tnr. 8520.9002. Kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr. 8471.7000.

Í kröfugerð kæranda kemur m.a. fram að umbjóðandi hans hafi leitað til tollstjóra um bindandi upplýsingar um tollflokkun, sbr 142. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, á HP Surestore geislaskrifurum, vörunúmer C4505A, C4503A og C4493B. Tollstjóri flokkar vöruna í tnr. 8520.9002, sbr. svarnúmer 0100001, dags. 15. janúar 2001. Þessari niðurstöðu mótmælir kærandi og telur að flokka beri vöruna í tnr. 8471.7000. Þetta álit sitt byggir kærandi á eftirfarandi atriðum: HP-Surestore geislaskrifarar C4505A, C4503A og C4493B séu háhraða gagnaafritunartæki sem eingöngu sé hægt að tengja við PC-tölvur með Windows hugbúnaði og nota í tengslum við þær. Ekki sé unnt að nota þau sem frístandandi afritunartæki. Tækin séu ekki hugsuð sem hljóðupptökutæki heldur séu þau fyrst og fremst ætluð til að geta á fljótlegan og öruggan hátt afritað skjöl og önnur gögn af tölvum yfir á geisladiska. Þau séu gagnavinnslutæki og ættu sem slík að flokkast í tnr. 8471.7000 sem geymslueiningar með vísan til aths. 5.D við 84. kafla tollskrár. Þá uppfylla tækin einnig öll skilyrði aths. 5.B, a-c lið og aths. 5.C við 84. kafla tollskrár. Kærandi bendir einnig á að heimilistölvur og fartölvur með innbyggðum geislaskrifara/brennara tollflokkist í tnr. 8471.3009, 8471.4101 og 8471.4901 án tolla og vörugjalds. Það skjóti skökku við, telur kærandi, að flokka geislaskrifara/brennara sem eingöngu sé hægt að nota í tengslum við þessar tölvur í annað tollskrárnúmer en þær vélar sem hafa slík tæki innbyggð. Þá vísar kærandi til þess að á 25. fundi Alþjóðatollasamvinnuráðsins, en Ísland hefur skuldbundið sig til að virða ákvarðanir þess, hafi verið fjallað m.a. um tollflokkun á geislaskrifurum. Niðurstaða ráðsins hafi verið sú að geislaskrifarar skyldu flokkaðir í tnr. 8471.7000 sem gagnageymslutæki, “Data storage Devices”. Með ákvörðun sinni sé tollstjóri að ganga gegn þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hafi tekið á sig á þessu sviði. Kærandi krefst þess að ákvörðun tollstjóra verði breytt og geislaskrifararnir C4505A C4503A og C4493B verði tollflokkaðir í tnr. 8471.7000.

Tollstjóra var send kærán til umsagnar með bréfi þann 12. febrúar 2001. Í svari sem barst nefndinni þann 28. febrúar s.l. segir m.a. að við flokkun vöru í tollskrá beri að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: *“Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:”*. Tollstjóri mótmælir því ekki að skrifararnir uppfylli skilyrði a-c liðar athugasemdar 5 B. Hins vegar segi í öðrum málslið athugasemdarinnar að *„Leiði ekki annað af E-lið hér á eftir skal eining talin af heildarkerfinu ef hún uppfyllir öll eftirtalin skilyrði”*. Með öðrum orðum einingar til gagnavinnsluvéla sem uppfylla skilyrðin teljast einungis hluti af kerfinu, og þar með flokkaðar í vörulið 8471, ef annað leiðir ekki af E-lið sömu athugasemdar. E-liður athugasemdarinnar hljóðar svo: *„Vélar sem framkvæma tiltekið verkatriði annað en gagnavinnslu og fela í sér eða vinna í tengslum við sjálfvirka gagnavinnsluvél skulu flokkaðar í viðeigandi vörulið með tilliti til verkatriðis þeirra eða, verði því ekki komið við, í lokavöruliði.”* Því verði við tollflokkun á þessari vöru að ákvarða;

1. hvort um sé að ræða diskageymslueiningar í skilningi athugasemdar 5 D. við 84. kafla,
2. hvort skrifararnir framkvæmi gagnavinnslu, eða
3. hvort skrifararnir framkvæmi tiltekið verkatriði annað en gagnavinnslu.

Eins og fram hefur komið vísar kærandi til ákvörðunar tollskrárnefndar Alþjóðatollastofnunarinnar frá því í mars á síðasta ári, og segir að gagnageymslutæki (Data storage devices) þau sem þar voru ákvörðuð í tnr. 8471.7000 séu sams konar og þeir skrifarar sem hér um ræðir. Þessu álitu kæranda er tollstjóri ekki sammála. Gögn um umræður og ákvörðun tollskrárnefndarinnar sýni að það sem þar var til umræðu voru svokölluð „Proprietary storage formats” sem eru drif fyrir diska og bönd. Diskarnir og böndin hafi minnisrými 40 Mb til 2Gb og séu sniðin á þann hátt að þau séu einungis nothæf með tækjum frá sama framleiðanda.

Tollstjóri er frekar á því að umræddir skrifarar séu sambærilegir við það sem kallað er „DVD storage units” en þau tæki hafa verið til umfjöllunar hjá tollskrárnefndinni um þessar mundir. Tollskrárnefndin og skrifstofa Alþjóðatollastofnunarinnar eru sammála um að DVD-Rom (Read Only Memory) drif, sem eingöngu geta lesið diska skuli flokkast í undirlið 8471.70, sbr. einnig CD-ROM drif sem hún áður ákvarðaði í sama tollskrárnúmer. Þá séu hinir erlendu sérfræðingar einnig þeirrar skoðunar að DVD-ROM/R/RW drif (drif sem bæði lesa og skrifa) sem vinni eingöngu í tengslum við gagnavinnsluvélar flokkast þau sem geymslueiningar í undirlið 8471.70 á grundvelli athugasemda 5 B, 5 C og 5 D við 84. kafla. Tollstjóri tekur fram að nokkrir

meðlimir tollskrárnefndarinnar hafa hins vegar lýst þeirri skoðun sinni að þar sem slík drif geti tekið upp eða spilað tónlist og videomyndir komi til greina að líta svo á að drifin framkvæmi annað verkatriði en gagnavinnslu og skuli því flokkast í þann vörulið skrárinnar sem höfði til þess verkatriðis (vöruliðir 8519 til 8521), sbr. athugasemd 5 E við 84. kafla. Að teknu tilliti til þess að umrædd tæki eru eingöngu tengjanleg við sjálfvirkar gagnavinnsluvélar til þess að afrita gögn frá þeim á geisladiska og lesa gögn af geisladiskum til nota í gagnavinnsluvélum, lítur tollstjóri svo á að tækin framkvæmi gagnavinnslu og því eigi athugasemd 5 E við 84. kafla tollskrár ekki við í þessu tilviki. Tækin séu í raun diskageymslueiningar í skilningi athugasemdar 5 D við 84. kafla og þar sem þau uppfylla skilyrði b og c liðar athugasemdar 5 B við kaflann flokkist þau í vörulið 8471, sbr. aths. 5 C við sama kafla. Með vísan í ofanritað fer tollstjóri fram á að krafa kæranda verði samþykkt og að umræddir geislaspilarar skuli flokkast í tollskrárnúmer 8471.7000 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár og athugasemda 5 B, 5 C og 5 D við 84. kafla tollskrár.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Kærandi krefst þess að bindandi álit um tollflokkun vöru sem tollstjóri gaf út um tollsflokkun á geislaskrifurum/lesurum í tnr. 8520.9002 verði fellt úr gildi og varan verði tollflokkuð í tnr. 8471.7000. Tæki þau sem hér eru til umfjöllunar eru frá Hewlett Packard C4505A (HP CD-Writer Plus 8230e), C4503A (HP CD-Writer Plus 9510i) og C4493B (HP CD-Writer Plus 9350i). Tækin eru ýmist útfærð þannig að þau eru innbyggð í gagnavinnsluvél eða stök tæki utan við hana. Innbyggð tæki notast við svo kölluð (E)IDE tengi á móðurborði sem eru algeng harðdiska/geislalesara tengi á móðurborðum gagnavinnsluvéla. Stök tæki notast hins vegar við svokallað USB tengi sem eru algeng tengi fyrir jaðartæki nýrri gerða gagnavinnsluvéla. Tækin eru svokölluð "plug and play" tæki, það er að stýrikerfið Windows þekkir þau þegar þau eru tengd við það. Tækin senda frá sér gögn til stýrikerfisins þegar þau eru tengd, stýrikerfið athugar hvort tækið hafi verið uppsett og ef ekki, setur tækið gögnin upp á gagnavinnsluvélinni og gerir það virkt. Almennt séð er tækið því sérsníðið/sérhannað fyrir svokallaðar Intel samhæfðar gagnavinnsluvélar og Windows stýrikerfið. Tækin taka við gögnum frá sjálfvirkri gagnavinnsluvél, vinna úr þeim, aðlaga/umbreyta á form (stafrænt) til að skrifa þau á geisladisk (CD disk). Tækin lesa einnig af geisladiskum með sama formi gagnatilhögunar, þ.e. stafrænt, umbreyta gögnunum sem sjálfvirk gagnavinnsluvél getur notað, þ.e. áfram stafrænt en á formi viðkomandi tengis sem notað er á sjálfvirkri gagnavinnsluvél (USB/EIDE). Þau hafa ekki annan inn- eða útgang fyrir jaðartæki en lítið tengi fyrir heyrnartól sem er framan á tækjunum og gerir kleift að hlusta á geisladiska frá tækinu. Tækjunum er stjórnað af gagnavinnsluvélinni og er ekki mögulegt að nota þau án hennar. Með tækjunum fylgir nokkurt safn hugbúnaðar til að skrifa og lesa hljóðskrár, internet, útvarp, tónlistarforrit, margmiðlunarhugbúnað og hugbúnað til öryggisafritunartöku ásamt hugbúnaði til að gera miða til að merkja geisladiska. Tækin krefjast Windows 98 eða seinni útgáfu af Windows stýrikerfinu og að lágmarki 166 Mhz Pentium gagnavinnsluvélar.

Það er mat nefndarmanna að tæki þau sem hér eru til umfjöllunar og lýst er hér að ofan falli að skilyrðum þeim sem upp eru talin í athugasemdum 5 B, 5 C og 5 D við 84. kafla tollskrár.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og almennra reglna um túlkun tollskrár, liðar 1, úrskurðar ríkistollanefnd að hin kærða niðurstaða tollstjóra sem sett var fram í "Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru" númer 0100001, dags. 15. janúar 2001, skuli felld úr gildi og tæki þau sem þar eru flokkuð í tnr. 8520.9002 skuli tollflokkuð í tnr. 8471.7000.